

Juppala gegn Finnlandi
Dómur frá 2. desember 2008
Mál nr. 18620/03

10. gr. Tjáningarfrelsi

Börn. Grunur um slæma meðferð. Sakfelling fyrir rangar sakir.

1. Málsatvik

Kærandi, Eine Juppala, er finnskur ríkisborgari, fædd 1929 og búsett í Ylöjärvi í Finnlandi. Hinn 20. júlí 2000 fór hún með dótturson sinn, sem var þriggja ára á þeim tíma, til læknis vegna marblettu á baki. Skýrði hún læknum frá grunsemdum sínum um að faðir drengsins, T, hefði valdið áverkunum og jafnframt að hegðun drengsins hefði verið undarlega eftir að hann hefði verið hjá T. Jafnframt tjáði hún læknum að drengurinn hefði sagt henni að hann hefði verið sleginn. Læknirinn ritaði í skýrslu sína að marblettirnir gætu hafa orsakast af því að vera sleginn og að drengurinn hefði aðspurður endurtekið að faðir hans hefði lamið sig. Síðar sama dag gerði læknirinn barnaverndaryfirvöldum viðvart þótt kærandi hefði óskað eftir því að skýrsla hennar yrði ekki afhent þeim.

Hinn 17. ágúst kærði T kæranda til lögreglu og krafðist þess að rannsakað yrði hvort kærandi hefði framið refsivert brot með því að hafa borið rangar sakir á hann. Hinn 26. apríl 2001 var kærandi ákærð fyrir að hafa borið rangar sakir á T og gefið læknum upplýsingar sem gáfu í skyn að T hefði ráðist á son sinn og að það hefði gerst nokkrum sinnum, en hún hefði ekki nægjanlega ástæðu til að styðja slíka ásökun. T krafðist miskabóta í málinu. Undirréttur sýknaði kæranda á þeim grundvelli að það væri óljóst hvort kærandi hefði gefið í skyn að faðirinn hefði lamið son sinn eða hvort það sem fram kæmi í skýrslu læknisins væri hans eigin skilningur sem grundvallaðist á samtölum hans við kæranda og barnið. Áfrýjunardómstóll sneri niðurstöðu undirréttarins við og sakfelldi kæranda. Var henni gert að greiða 3.365 evrur í miskabætur og málskostnað. Áfrýjunardómstóllinn átalði sérstaklega að kærandi hafði rætt við drenginn um marblettina sem var aðeins þriggja ára gamall. Það að drengurinn hefði sagt læknum að faðir sinn hefði lamið sig taldist ekki vera nægjanleg ástæða fyrir ásökun um slæma meðferð. Kærandi hefði ekki gefið neinar aðrar ástæður sem hún byggði ásökun sína á.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kvörtun kæranda laut að með sakfellingu hennar hefði verið brotið gegn 10. gr. sáttmálans hún hefði aðeins af fullri hreinskilni vakið máls á mögulegri skýringu fyrir marblettum drengsins við lækni.

Niðurstaða

Báðir aðilar voru sammála um að niðurstaða dómsins fæli í takmörkun á tjáningarfrelsi kæranda og að hún hefði stefnt að því lögmæta markmiði að vernda orðspor og réttindi annarra. Dómstóllinn féllst á að takmörkunin ætti sér stöð í finnskum lögum og væri byggð á eðlilegri túlkun refsheimilda sem voru í þeim hegningarlögum sem giltu á þeim tíma og jafnframt að miskabæturnar ættu stöð í skýru lagaákvæði í skaðbótalögum. Dómstóllinn taldi að lykilspurningin væri sú hvernig ætti að finna jafnvægi á milli þess annars vegar að foreldri sé ranglega haft fyrir sök um að hafa misnotað barn sitt og örðugleika á að staðfesta slæma meðferð á börnum og hins vegar að vernda börn sem eru í hættu á að verða fyrir alvarlegum skaða. Dómstóllinn taldi það sérstaklega varhugavert að áfrýjunardómstóllinn hefði lýst yfir þeirri skoðun að jafnvel þó það væri hafið yfir vafa að hún hefði séð marið bak barnabarn síns að kæranda hefði ekki verið heimilt að lýsa því sem barnabarn hennar hafði sagt við hana jafnvel þótt sú drengurinn hefði endurtekið það þegar læknirinn spurði hann. Ennfremur yrði að vera mögulegt að vekja athygli á því í góðri trú ef grunsemdir væru uppi um slæma meðferð barns í og koma slíkum upplýsingum í viðeigandi farvegi án þess að þurfa að óttast að vera saksóttur eða krafinn um bætur.

Því hafði hvorki verið haldið fram fyrir dómstólum Finnlands né fyrir dómstólnum að kærandi hefði hagað sér af gáleysi, þ.e. að vera sama um hvort að ásökun um misnotkun hefði verið ígrunduð eða ekki. Þvert á móti hefði heilbrigðisstarfsmaður sett fram sitt eigið mat á aðstæðum og hafði með réttu talið að barnaverndaryfirvöldum ætti að vera gert viðvart. Dómstóllinn taldi því að afskiptin hefðu ekki mætti neinni aðkallandi samfélagsþörf sem réttlætti þau. Dómstóllinn komst því einróma að því að 10. gr. sáttmálans hefði verið brotin.

Kærandi voru dæmdar 3.000 evrur í miskabætur og 3.614 evrur í skaðabætur samkvæmt 41. gr. sáttmálans Auk þess voru kærandi dæmdar 2.695 evrur í málskostnað.